

3. fundur landssambandsstjórnar DKG 2022-2023 haldinn fimmtudaginn 10. nóvember 2022 kl. 17:00 – 19:00 - fjarfundur

Mættar: Guðrún Edda Bentsdóttir Kappadeild, forseti, Aníta Jónsdóttir Betadeild, 1. varaforseti, Guðný Helgadóttir Gammadeild, 2. varaforseti, Þorgerður Ásdís Jóhannsdóttir Nýdeild, ritari, Elísabet Jóhannesdóttir Deltadeild, meðstjórnandi, Kristín Helgadóttir Betadeild, gjaldkeri, Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir Alfadeild, fráfarandi forseti og Eygló Björnsdóttir Betadeild, vefstjóri.

Fyrir formlegan fund greindi Aníta Jónsdóttir frá ráðstefnu námsráðgjafa sem hún sat þennan dag á Akureyri. Gerði hún sértaklega skil erindi Sigrúnar Stefánsdóttur um nauðsyn þess að komast með upplýsingar í fjömiðla. Mælti Sigrún sérstaklega með að komast inn í t.d. morgun- og síðdegisþætti, en lagði áherslu á að ýta þyrfti vel á eftir slíku með símtölum o.fl. Ingibjörg Elsa minnti á að í stefnumótun DKG væri að koma á fót kynningarnefnd sem gerði áætlun um kynningarmál og aðila sem annaðist þau.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar hafði verið send stjórninni og hafði hún verið samþykkt.

2. Fundargerð framkvæmdaráðsfundar 17. September

Fundargerðin hafði verið send út til athugunar og var samþykkt.

3. Heimsóknir í deildir – stjórnarkonur skiptist á

Forseti vitnaði í framkvæmdaáætlunina um heimsóknir í deildir og lagði til að stjórnarkonur skiptu á milli sín að heimsækja deildir. Í slíkum heimsóknum yrði farið yfir framkvæmdaáætlunina og landssambandsþingið í maí. Einnig ætti að nefna þekkingarforðann en illa gengur að afla efnis í hann. Nokkuð var rætt um þekkingarforðann og hvernig hægt væri að hvetja félagskonur að setja inn efni. Talið var mikilvægt að fylgja vel eftir efni sem færi inn. Anita lagði til að þeir sem settu inn efni fylltu inn form sem gæfi til kynna hvernig standa ætti að málum. Einnig mætti kynna þekkingarforðann vel í Fréttabréfi forseta.

Stjórnarkonur tóku vel í að heimsækja deildir. Forseti athugar möguleika á að heimsækja jólafund þriggja deilda á Norðurlandi sem haldinn verður á Akureyri 24. nóvember. Ákvörðun um aðrar heimsóknir frestast fram yfir áramót en áður kanni forseti hjá formönnum deilda hvort stefna ætti að heimsókn forseta eða stjórnarkonu.

4. Fréttabréf forseta og haustfréttabréf – efni frá deildum og félagskonum

Forseti sagðist leggja áherslu á að deildir kæmu með efni í fréttabréfið og ekki síst frá einstökum félagskonum. Rætt var um að fylgja mætti þekkingarforðanum eftir, birta orð til umhugsunar sem félagskonur flyttu á deildarfundi og annað áhugavert efni frá félagskonum. Forseti hvetji formenn til að útvega efni frá deildunum.

5. Upplýsingamiðlun – hentugar leiðir fyrir mismunandi miðla, tölvupóstur, fréttabréf, heimasíða, FB síða o.fl.

Málið var nokkuð rætt en talið best að nota heimasíðuna og FB síðuna en síður tölvupóst þar sem hann hefur tilhneigingu að drukka í tölvupóstum hjá kennurum.

6. Landssambandsþingið 13. og 14. maí 2023 – staða undirbúnings

Gestgjafar landssambandsþingsins í Epsilondeild hafa hafið undirbúning þingsins og eins menntamálanefndin sem mun kynna dagskrá eftir áramótin. Sótt hefur verið um alþjóðlegan gest fyrir þingið, annað hvort alþjóðaforseta eða Evrópuforseta, en einnig erlendan fyrirlesara frá International Speakers Fund.

7. Styrkir og verðlaun – hvetja konur til að sækja, kynningar ...

Rætt um hvernig kynna mætti styrkjamöguleika fyrir félagskonum og í því sambandi hvort tveir styrkþegar sem hafa fengið styrki úr Golden Gift sjóðnum og annar sem hefur hlotið styrk til doktorsverkefnis gætu kynnt reynslu sína.

8. Leiðtogafræðsla fyrir formenn – tillögur?

Forseti greindi frá því að hún hefði hug á að bjóða formönnum deilda upp á leiðtogafræðslu í fjarfundi. Nefnt var að Sigrún Stefánsdóttir væri æskilegur fyrsti fyrirlesari með efnið sem hún fjallaði um á ráðstefnunni á Akureyri. Einnig var Sigríður Hulda Jónsdóttir nefnd svo og fulltrúi frá alþjóðasamtökum DKG. Forseti vannur áfram að málinu.

9. Önnur mál

Evrópski jólafundurinn verður haldinn 13. desember. Ísland þarf að leggja til efni og var rætt um tónlistarinnslag (Soffía Vagnsdóttir) eða umfjöllun um jólasíði (Guðný Gerður Gunnarsdóttir). Þá greindi Anita frá því að tillögu vantaði um listamann inn á síðu Evrópuforum. Bryndís Þráinsdóttir Nýdeild og Rósa Júlíusdóttir Betadeild voru nefndar. Einnig Ingibjörg Jóhannsdóttir Gammadeild. Þorgerður hefur samband við Bryndísi og Eygló við Rósu. Guðný athugar eftir áramót með Ingibjörgu.

10. Næsti fundur

Næsti fundur var ákveðinn fimmtudaginn 12. janúar 2023 kl. 17-18:30.

Reykjavík, 16. nóvember 2022

Guðný Helgadóttir ritaði fundargerð